

Dagsetning: 11. mars

Tími: kl 17:30 -19:30

Framhaldsfundur: 16. mars kl 16:30-18:45

Staður: Skrifstofa BLÍ og á Teams

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt: Grétar, Gunnar, Elsa, Lúlli M. Lúlli K. Valgeir, Rósborg, Katrín

1. Ársþing

• Reglugerðarbreytingartillögur

Farið var yfir eftirfarandi tillögur fyrir ársþing sem fram fer 27. mars nk.:

- **Menntun þjálfara**
Tillaga um að allir blakþjálfarar skuli hafa viðeigandi þjálfaramenntun (BLÍ 1, 2 eða 3).
- **Nýjir leikmannasamningar**
Tillaga um að BLÍ einfaldi leikmannasamninga. Ákveðið var að stofna vinnuhóp til að fara yfir samningana. Í hópnum verða 2 fulltrúar frá félögum, 2 frá stjórn, 2 leikmenn og starfsmaður frá BLÍ.
- **Alþjóðleg félagaskipti**
Tillaga um að frá og með tímabilinu 2027–2028 þurfi íslensk lið að skila inn International Transfer Certificate (ITC) fyrir erlenda leikmenn sem keppa í efstu deild og í bikarkeppni BLÍ. Tillagan verður tekin til umræðu á ársþingi.
- **Fyrning félagaskipta**
Tillaga um að bæta við grein þess efnis að leikmaður sem hefur ekki leikið á mótum á vegum BLÍ síðastliðin fimm ár þurfi ekki að skila inn félagaskiptum til að hefja keppni á ný.
- **Leikreglur neðri deilda**
Tillaga um að kveðið verði á um að leikið sé eftir reglum FIVB. Einnig tillaga um að boltinn haldist í leik ef hann fer í loftið og lendir aftur á sama vallarhelmingi.
- **Grænt kort fyrir heiðarleika**
Rætt var hvort leggja ætti fram tillögu um græn spjöld fyrir heiðarleika. Ákveðið var að leggja slíka tillögu ekki fram að þessu sinni.
- **Úrslitakeppni neðri deilda**
Tillaga um að lið taki með sér þau stig sem þau vinna sér inn á helgarmótum eitt og tvö.

- **Útsláttarkeppni neðri deilda**
Tillaga um að spiluð verði útsláttarkeppni í neðri deildum og svæðum skipt eftir landshlutum.
 - **Löglegir leikmenn í bikarkeppni BLÍ**
þarf að setja reglugerð um hvaða leikmenn hafa heimild til að spila með liðum í bikarkeppni BLÍ.
- **Fjármál**
- **Áætlun 2026**
Farið var yfir fjárhagsáætlun ársins 2026.
 - **Ársreikningur 2025**
Ársreikningur er ekki tilbúinn.
- 2. Afreksmál**
- Borist hefur bréf frá CEV varðandi nýjar reglur um að aðildarsambönd megi einungis tilheyra einu svæðasambandi innan CEV:
 - Zonal Association – SCA eða NEVZA

3. Önnur mál

- Ákveðið var að leggja fram tillögu á ársþingi um að fylgja reglum FIVB varðandi skilgreiningu á upprunafélagi leikmanna:
Samkvæmt FIVB er „upprunafélag“ (e. Federation of Origin) það félag sem fyrst gefur út leikheimild eða skráir leikmann á því tímabili sem hann verður 14 ára.
Leikmaður sem byrjar að spila blak á Íslandi fyrir 14 ára aldur, eða hefur íslenskt upprunafélag samkvæmt FIVB, telst íslenskur leikmaður.
Leikmaður getur skipt um upprunafélag ef hann hefur ekki leikið með aðallandsliði viðkomandi lands, hefur búið samfelld í nýja landinu í að minnsta kosti þrjú ár og hefur fengið ríkisfang þess.